

Fylgiskjal 2



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Norðurlands
eystra

Borgum v/Norðurslóð
600 Akureyri

(354) 570 13 15
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Sædis Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands
eystra
saedis@minjastofnun.is

Vegagerðin

Akureyri, 6. september 2024
MÍ202408-0110/ 6.10 / S.G.

Bárðardalsvegur og námur við Öxará

Óskað var umsagnar Minjastofnunar vegna breytingar á Bárðardalsvegi að vestanverðu og tveggja náma í landi Öxarár. Minjavörður kannaði svæðið á vettvangi 3. og 4. september síðastliðinn. Þrjár fornleifar voru skráðar á svæðinu

- **3310-1 tóft**, mögulega af stekk. Tóftin er utan námusvæðisins og er því ekki í hættu vegna framkvæmdanna
- **3310-2** varða, 577916.585N 565905.806A. reisuleg varða, um 1,6 m á hæð. Hún er staðsett í jaðri framkvæmdasvæðisins og leggur Minjastofnun áherslu á að reynt verði að varðveita hana. Flaggað í kringum hana á framkvæmdatíma svo hún verði ekki fyrir hnjaski.
- **3310-3** varða, 577739.204N 565935.898A minni varða, um 1 m á hæð. Hún er í miðju vegstæðinu og heimilar Minjastofnun að hún verði fjarlægð við vegagerðina.

Minjastofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við framkvæmdirnar.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir:

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Virðingarfyllst,

Sædís Gunnarsdóttir

Sædís Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands eystra